

## Laxatunga 36-54 – breyting á deiliskipulagi

(tillaga auglýst 9.07.2016 með athugasemdafresti til 19.08.2016)

Efni athugasemda og svör skipulagsfulltúa  
(samþykkt á 420. fundi skipulagsnefndar 20.09.2016)

Efni athugasemdar	Svar skipulagsnefndar
-------------------	-----------------------

### Frá Málfríði Jørgensen og Robert Biraghi

Ábending um að eins hæðar raðhús muni breyta útliti götunnar á neikvæðan hátt og að þau hafi þraukað í þrjú ár í norðanáttinni vitandi það að í náinni framtíð muni rísa tveggja hæða hús við hliðina sem muni taka á sig vind á undan þeirra húsi. Einnig er ábending um að nóg sé komið af litlum íbúðum í hverfinu.

Tekið er undir ábendingu um að tveggja hæða hús geti verið betri kostur hvað skjól varðar fyrir norðanáttinni. Í ljósi þess samþykkir skipulagsnefnd að hæð húsa í raðhúsalengju nr. 36-44 verði óbreytt frá gildandi deiliskipulagi þ.e.a.s. tveggja hæða. Raðhúsalengja nr. 46-54 verði hinsvegar breytt úr tveggja hæða í eins hæða eins og gert er ráð fyrir í breytingartillögum.

Ekki er tekið undir ábendingu um að eins hæða raðhús muni breyta útliti götunnar á nækvæðan hátt og að nóg sé komið af litlum íbúðum í hverfinu.

### Frá Erni Jónssyni

Ábending um að Laxatungu 42-54 verði breytt úr tveimur hæðum í eina en að Laxatunga 36-40 verður áfram tveggja hæða og við það breytist heildarmynd skipulagsins og muni líta mjög undarlega út vegna þess að beggja vegna við þessar umræddu lóðir er nú raðhús á tveimur hæðum. Einnig er bent á að skjól sem gert var ráð fyrir að myndi myndast við byggingu tveggja hæða húsa muni ekki verða það sama ef húsin verða lækkuð og muni það mögulega hafa áhrif á lífsgæði sem gert var ráð fyrir að fengjust með tilkomu tveggja hæða húsa.

Tekið er undir ábendingu um að tveggja hæða hús geti verið betri kostur hvað skjól varðar fyrir norðanáttinni. Í ljósi þess samþykkir skipulagsnefnd að hæð húsa í raðhúsalengju nr. 36-44 verði óbreytt frá gildandi deiliskipulagi þ.e.a.s. tveggja hæða. Raðhúsalengja nr. 46-54 verði hinsvegar breytt úr tveggja hæða í eins hæða eins og gert er ráð fyrir í breytingartillögum.

Ekki er tekið undir að með fyrirhugaðri breytingu á deiliskipulagi breytist heildarmynd skipulagsins og muni líta undalega út.

31.08.2016  
ÓM